

**Ed.**

**315. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 82, 23. júní 1932, um sjúkrasamlög.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Á eftir 3. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, sem verða 4. og 5. gr., svo hljóðandi:

a. (4. gr.) Ráðherra er heimilt að lögskrá sjúkrasamlög fyrir skóla, aðra en barnaskóla, með eftirfarandi skilyrðum:

1. Samlagið nái að jafnaði yfir einn skóla. Þó mega tveir eða fleiri skólar vera saman um samlag, ef þeir eru í sama hreppi eða kaupstað.

2. Samlagið skal veita viðtöku og full félagsréttindi:

a. hverjum nemanda skólans, nema vitað sé, að hann, ef hann er fullra 16 ára, eða framfærandi hans, ef hann er yngri, hafi þær tekjur eða sé svo efnum búinn, að hann geti ekki þess vegna orðið hlutgengur meðlimur í sjúkrasamlagi samkv. ákvæðum 3. gr., enda sé hann fullhraustur, er hann gengur í samlagið.

b. hverjum kennara og starfsmanni skólans, sem uppfyllir skilyrði 3. gr.

3. Samlagið uppfylli að öðru leyti skilyrði 3. gr. Þó má takmarka trygginguna meira en þar er gert ráð fyrir, svo sem með því að láta trygginguna ekki ná til sumarleyfa og sleppa dagpeningatryggingu.

b. (5. gr.) Enginn má vera hluttækur félagi í meira en einu sjúkrasamlagi í senn.

Nú óskar félagi að flytja sig úr einu samlagi í annað, og er þá stjórn þess samlags, er hann æskir inntöku í, heimilt að veita honum viðtöku án inntökugjalds, sérstakrar læknisskoðunar og án tillits til aldurs hans, enda sýni hann skilríki frá því samlagi, er hann fer úr, að hann sé fullgildur félagi þar.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

2. gr.

Þegar lög þessi hafa verið staðfest, skal fella texta þeirra inn í meginmál laga nr. 82 1932 og gefa þau út svo breytt.